



Nr. 1/2024
16. janúar 2024

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2023

Gengi krónunnar hækkaði um 1,5% á árinu 2023 og heildarvelta á millibankamarkaði dróst saman um 37% frá fyrra ári. Seðlabankinn greip tvívegis inn í gjaldeyrismarkaðinn á árinu til þess að draga úr sveiflum í gengi krónunnar. Alls seldi bankinn erlendan gjaldeyri fyrir 5,5 ma.kr. en keypti ekki gjaldeyri. Minni sveiflur voru í gengi krónunnar á árinu en undanfarin ár. Í byrjun árs lituðu áhyggjur markaðsaðila af erlendum fjármögnunarkjörum íslenskra viðskiptabanka að miklu leyti gengisþróunina en þegar leið á janúarmánuð tók vaxtaálag á útstandandi skuldabréf viðskiptabankanna að lækka. Í lok febrúar var tilkynnt um aukinn loðnukvóta sem hafði jákvæð áhrif á gjaldeyrismarkaðinn. Áfram var innstreymi erlends fjármagns í skráð innlend hlutabréf á árinu, en þriðja og síðasta hluta uppfærslu íslenska hlutabréfamarkaðarins hjá vísitöluþyrirtækinu FTSE Russell lauk um miðjan mars. Ferðapjónustan virðist hafa náð fyrri styrk ef miðað er við fjölda ferðamanna sem heimsóttu landið á árinu en vöruskiptahalli við útlönd var jafnframt mikill. Tilkynning um kaup dansks hlutafélags á íslenska líftækniþyrirtækinu Kerecis í júlí vöktu athygli þar sem kaupverðið, jafnvirði um 175 ma.kr., var hátt á innlendan mælikvarða. Óvissa um áhrif jarðhræringa á Reykjanesi ásamt fréttum af fjármögnunarrvandamálum í eigendahópi Marels hf. og hugsanlegum eigendaskiptum settu svip sinn á gjaldeyrismarkaðinn í nóvember. Vaxtamunur gagnvart útlöndum jókst á árinu og var meiri en að meðaltali undanfarin átta ár, og jókst eignarhlutur erlendra aðila í ríkisskuldabréfum milli ára. Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur gjaldeyris á árinu en keyptu þó minna en árið á undan. Hrein framvirk staða viðskiptabanka lækkaði á árinu. Gjaldyrisforði nam 790 ma.kr. í árslok eða 20% af vergri landsframleiðslu.

Gengisþróun

Gengi krónunnar hækkaði um 1,5% á árinu 2023 miðað við skráða gengisvísitölu en um 0,7% gagnvart evru. Á fyrstu átta mánuðum ársins styrktist gengi krónunnar en veiktist allnokkuð í september, október og framan af nóvember og hélst síðan tiltölulega stöðugt í desember. Þróunin var svipuð því sem var árið á undan, þegar gengið hækkaði á fyrri hluta ársins en lækkaði á þeim seinni. Lægst mældist gengið í janúar en hæst í lok ágúst. Hæsta skráða gengi ársins var 10,2% hærra en það lægsta, samanborið við 9,5% árið á undan. Þrátt fyrir meiri mun en árið á undan var betra jafnvægi í gjaldeyrisflæði á árinu en undanfarin ár. Það endurspeglast í því að velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var hófleg, daglegt gengisflókt að meðaltali minna og inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði mun umfangsminni en á síðustu árum.

Meiri stöðugleika á gjaldeyrismarkaði má að hluta rekja til betra jafnvægis í viðskiptum við útlönd en árin næst á undan. Árið 2023 var fyrsta heila árið síðan 2019 þar sem engar ferðatakmarkanir voru í gildi hérlendis og virðist ferðapjónustan hafa endurheimt fyrri

styrk í kjölfar COVID-19 faraldursins. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll voru um 2,2 milljónir í fyrra og hafa þær einungis einu sinni áður mælst fleiri eða árið 2018. Á móti gjaldeyriskjóm ferðþjónustunnar vó hins vegar mikill vöruskiptahalli á árinu. Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur gjaldeyris, en hrein gjaldeyriskaup þeirra námu samtals 82,7 ma.kr. sem er 21,3 ma.kr. minna en árið áður. Áfram var fjármagnsinnflæði erlendra verðbréfasjóða í skráð innlend hlutabréf á árinu, en þriðja og síðasta hluta uppfærslu íslenska hlutabréfamarkaðarins í flokk nýmarkaðsríkja (e. *secondary emerging*) hjá vísitöluvafyrirtækinu FTSE Russell lauk um miðjan mars. Vaxtamunur gagnvart útlöndum jókst og var meiri en að meðaltali undanfarin átta ár, en eignarhlutur erlendra aðila í ríkisskuldabréfum jókst milli ára. Hrein framvirk staða viðskiptabanka, þar sem íslensk króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldmiðlum, lækkaði á árinu. Staðan hækkaði á fyrri helmingi ársins en lækkaði á þeim seinni.

Nokkrir atburðir stóðu upp úr á árinu sem höfðu áhrif á gengisþróun krónunnar. Á fyrstu vikum ársins lækkaði gengi krónunnar nokkuð skarpt, en krónan hafði verið að veikjast frá því um mitt ár 2022. Kjaraviðræður gengu erfiðlega og boðað hafði verið til verkfalla hjá starfsfólki ferðþjónustufyrirtækja. Þá lituðu áhyggjur markaðsaðila af fjármögnunarskilyrðum íslensku viðskiptabankanna á erlendum skuldabréfamörkuðum gjaldeyrismarkaðinn í byrjun árs, en síðari hluta janúar fór vaxtaálag á útstandandi skuldabréf bankanna að lækka sem sló á áhyggjurnar. Tilkynningar um fjármagnshreyfingar skráðra félaga á hlutabréfamarkaði höfðu jafnframt áhrif á gjaldeyrismarkaðinn í janúar. Fréttir af væntanlegri stækkun loðnukvóta seint í febrúar létu enn frekar á þrýstingnum sem hafði verið á gengi krónunnar í byrjun árs. Breyting á lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf bankanna í byrjun mars, sem gerði bönkunum kleift að markaðssetja skuldabréfin sem „evrópsk skuldabréf“ eða „evrópsk sértryggð skuldabréf (úrvals)“ hafði jafnframt jákvæð áhrif á gjaldeyrismarkaðinn en umrót á alþjóðlegum bankamarkaði í mars hafði tímabundin neikvæð áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaði.

Gjaldeyrismarkaðurinn var í góðu jafnvægi í apríl og maí, en yfir sumarmánuðina styrktist krónan nær samfelld. Samhliða því minnkaði gengisflókt og velta á millibankamarkaði var fremur lítil. Tilkynning um kaup dansks fyrirtækis á öllu hlutafé íslenska líftækniyrirtækisins Kerecis í júlí ýtti undir frekari styrkingu krónunnar vegna væntinga um gjaldeyrisinnflæði til íslenskra hluthafa fyrirtækisins. Kaupverðið, jafnvirði um 175 ma.kr., var hátt á innlandan mælikvarða. Á uppgjörstegi viðskiptanna í lok ágúst jukust innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum en þær lækkuðu síðan aftur mánuðina á eftir.

Í september tók gengið að veikjast að nýju en á haustmánuðum, einkum í október, var mikill halli á vöruskiptum við útlönd. Fréttir af jarðhræringum á Reykjanesi höfðu síðan töluverð áhrif á gjaldeyrismarkaðinn í nóvember. Eftir að skjálftavirkni magnaðist og Grindavík var rýmd jókst óvissa innanlands um áhrif hugsanlegs eldgoss á mikilvæga innviði og tekjumöguleika ferðþjónustufyrirtækja. Viðskiptavakar á millibankamarkaði keyptu gjaldeyri hverjir af öðrum á sama tíma og seljendur gjaldeyris virtust halda að sér höndum. Um svipað leyti bárust fréttir í fjölmiðlum af fjármögnunarmánum á eigendahópi Marels hf. og stuttu seinna var tilkynnt um óskuldbindandi viljayfirlýsingu bandaríks hlutafélags um kaup á öllu hlutafé félagsins. Öllu þær fréttir jafnframt tímabundnum sveiflum á gjaldeyrismarkaði. Í desember var gengi krónunnar tiltölulega stöðugt og hreyfðist á þröngu bili.

Gjaldeyrismarkaður

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 241,4 ma.kr. (1,6 ma.evra) á árinu 2023, sem er rúmlega 37% minna en á fyrra ári. Hlutdeild Seðlabankans í veltunni nam 2,3% og hefur ekki verið minni síðan 2018, en til samanburðar var hlutdeild hans 14,2% árið 2022. Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á árinu voru í samræmi við inngripastefnu bankans, sem miðar annars vegar að því að draga úr skammtímasveiflum í gengi krónunnar sökum grunns markaðar og hins vegar að hafa áhrif á gengið þegar peningastefnunefnd telur það hafa vikið of langt frá undirliggjandi hagþróun.¹ Gjaldeyrissala Seðlabankans á millibankamarkaði á árinu nam 5,5 ma.kr. (36 m.evra) en bankinn keypti engan gjaldeyri. Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans fóru fram á tveimur viðskiptadögum, annars vegar í janúar og hins vegar í nóvember. Í byrjun janúar lækkaði gengi krónunnar nokkuð hratt vegna ójafnvægis í gjaldeyrisflæði og 9. janúar veiktist gengið nokkuð ört. Þann dag seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 2,8 ma.kr. (18 m.evra). Í nóvember settu jarðhræringar á Reykjanesi og fréttir af fjármögnunarvandamálum í eigendahópi Marels hf. svip sinn á gjaldeyrismarkaðinn og lækkaði gengi krónunnar mikið á skömmum tíma. Seðlabankinn beitti inngripum 13. nóvember og seldi gjaldeyri á millibankamarkaði fyrir 2,8 ma.kr. (18 m.evra).

Gjaldeyrisforði

Gjaldeyrisforði Seðlabankans var í krónum talið 790 ma.kr. í lok árs 2023, um 47 ma.kr. minni en árið áður. Í bandaríkjadöllum minnkaði hann um 0,3 ma. og nam 5,8 ma. bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 20% af vergri landsframleiðslu, 28% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 5 mánuði. Endurkaup á ríflega helmingi af erlendri útgáfu Ríkissjóðs Íslands með gjalddaga í júní 2024 námu samtals um 38 ma.kr. Það skýrir að mestu leyti minnkun gjaldeyrisforðans á árinu.

Inngrip og önnur gjaldeyrisviðskipti minnkuðu gjaldeyrisforðann um 27,8 ma.kr. Vaxta-tekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans voru 24 ma.kr. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 10 ma.kr. stækkunar á gjaldeyrisforða en gengisbreytingar til 14 ma.kr. minnkunar. Í lok árs 2023 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum erlendum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 506 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 522 ma.kr. í lok árs 2022.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 515 ma.kr. í lok árs 2023 samanborið við 528 ma.kr. í lok árs 2022.

¹ Sjá [Stefnu í peningamálum](#) (birt í mars 2023).

Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2021	2022	2023
Gengi krónunnar (-veiking / +styrking)	%	2,5%	-2,1%	1,5%
Gengisflökt ¹	%	7,0%	7,6%	6,3%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	363	385	241
þar af hlutdeild Sí	%	21,1%	14,2%	2,3%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	26,9	33,9	0,0
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	49,6	20,7	5,5
Hrein gjaldeyriskaup Sí	ma.kr.	-22,7	13,2	-5,5
Gjaldeyrisforði í bandaríkjadöllum	m.USD	7.080	5.888	5.801
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	923	837	790
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands ²	ma.kr.	489	522	506
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka ³	ma.kr.	529	528	515
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF ⁴	%	30%	24%	20%

1. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

2. Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

3. Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

4. Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2023.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar 2023




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun sýnir styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri 2023



Heimild: Seðlabanki Íslands.